



Nefndarsvið Alþingis, allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2014
Tilvísun: 201401-0143

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar (213. mál)

Vísað er til tölvupósts dags. 23. janúar 2014 þar sem Mannvirkjastofnun er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Stofnunin fagnar framlagningu frumvarpsins og hvetur til þess að það nái fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að sá hluti markaðseftirlits raffanga sem er undir eftirliti og forræði Neytendastofu verði færður til Mannvirkjastofnunar. Kostir þessa eru raktir í greinargerð frumvarpsins og tekur stofnunin undir það sem þar kemur fram.

Reglur eru settar um öryggi og notkun raffanga vegna þess að um flókinn tæknilegan búnað er að ræða sem valdið getur alvarlegum slysum og tjóni sé reglum ekki fylgt. Helstu hættur við rafföng eru í stórum dráttum snertihætta, bein eða óbein snerting við rafmagn, og brunahætta. Þetta eru sömu hættur og við eiga um öll rafmagnsöryggismál, s.s. há- og lágspenntar raflagnir, enda eru raflagnir aðeins samtengd rafföng. Tilgangur markaðseftirlits með rafföngum, þ.m.t. raftækjum, er að reyna að tryggja að farið sé að þessum reglum, þ.e. að rafmagnsöryggi sé tryggt. Í því sambandi er tæknilegur skilningur eftirlitsins á þeim fyrirbærum sem um ræðir nauðsynlegur. Vegna smæðar íslenska markaðarins og íslenskrar stjórnsýslu er að mati Mannvirkjastofnunar rétt að nýta sérfræðipekkingu þar sem hún er þegar fyrir hendi.

Ekki er auðvelt að greina milli raffanga sem eru varanlega tengd mannvirkjum annars vegar og annarra raffanga eins og gert er með núverandi verkaskiptingu milli Neytendastofu og Mannvirkjastofnunar. Í báðum flokkum getur verið um neytendavöru að ræða. Sem dæmi má nefna að stór hluti raffanga á heimilum og vinnustöðum telst varanlega tengdur mannvirkjum, t.d. tenglar, ljósarofar, helluborð, bakaraofnar, eldhúsháfar, rafmagnstöflur og öryggi auk annars búnaðar til raflagna og nánast allur lýsingarbúnaður, nema borð- og standlampar og perur. Lágspennutilskipunin svokallaða gildir, með örfáum undantekningum, um öll rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka eins og fram kemur í heiti hennar. Gildir þá einu hvort um er að ræða rafföng sérstaklega ætluð neytendum, rafföng ætluð til varanlegrar tengingar í mannvirkjum, rafföng ætluð í raflagnir, rafföng til nota í iðnaði eða rannsóknum,

rafföng sérstaklega ætluð atvinnumönnum í mismunandi greinum, rafföng til dreifingar á rafmagni, s.s. samsettar afdreifitöflur, línur og strengi, eða rafföng til stýringar á ýmiskonar misflóknum búnaði, s.s. samsettar stýritöflur, hússtjórnarkerfi, hraðabreyta og mjúkræsa, svo einhver séu nefnd.

Á hinum Norðurlöndunum eru öll rafmagnsöryggismál á hendi einnar og sömu stofnunar í hverju landi, þ.m.t. markaðseftirlit með öllum rafföngum. Þannig var fyrirkomulagið einnig hér á landi áratugum saman fram til ársins 2009, enda málaflokkurinn ein samofin kerfisheild. Hvergi á Norðurlöndum er markaðseftirlit raffanga á hendi stofnunar sem fer með neytendamál, enda rafmagnsöryggi tæknilega sérhæfður málaflokkur.

Markaðseftirlit Mannvirkjastofnunar með rafföngum sem varanlega eru tengd mannvirkjum er framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum. Árið 2012 voru heimsóttir alls 244 söluaðilar raffanga víðsvegar um land. Þeir voru ýmist valdir af handahófi, sem hluti af sérstökum átaksverkefnum eða vegna ábendinga. Skimuð voru rúmlega 19.000 rafföng í þessum heimsóknum. Aðgerða var þörf vegna rúmlega 50 raffanga. Til samanburðar má nefna að samkvæmt ársskýrslu Neytendastofu fyrir árið 2012 heimsótti skoðunarstofa 23 söluaðila raffanga vegna markaðseftirlits þeirrar stofnunar auk þess sem 14 innlendar ábendingar frá almenningi og fagfólki voru afgreiddar af starfsmönnum stofnunarinnar.

Auk markaðseftirlits með rafföngum sem eru varanlega tengd mannvirkjum annast Mannvirkjastofnun markaðseftirlit með byggingarvörum. Þar er einnig um sérhæfða tæknilega vöru að ræða og nýtist sú sérþekking sem til staðar er hjá stofnuninni vel við framkvæmd markaðseftirlitsins. Að auki annast stofnunin eftirlit með slökkvitækjum, reykkyfunarbúnaði og hlífðarbúningum slökkviliðsmanna. Góð þekking og reynsla er því til staðar hjá stofnuninni í markaðseftirlitsmálum.

Samkvæmt 2.7. gr. reglugerðar um raforkuvirki nr. 687/2009 skal Mannvirkjastofnun stuðla að auknu öryggi almennings við hagnýtingu rafmagns, og fagmanna við umgengni þess og meðferð. Þetta er m.a. gert með því að koma á framfæri til almennings og fagmanna fræðsluefni um rafmagn og notkun þess, auk upplýsinga um hættur af völdum rafmagns, fyrirbyggjandi aðgerðir og leiðir til að forðast hættu. Stofnuninni er heimilt að birta og nota niðurstöður skoðana, ásamt upplýsingum um slys og tjón, til fræðslu, upplýsinga og viðvarana til almennings og fagmanna. Mannvirkjastofnun hefur þessu til viðbótar eftirlit með starfsemi rafverktaka, sem eru á fimmta hundrað. Jafnframt falla allir seljendur raffanga, og rafveitur, sem flestar eru innflytjendur raffanga, undir rafmagnsöryggiseftirlit Mannvirkjastofnunar. Þannig er stofnunin í góðri aðstöðu til að sinna fræðsluhlutverki sínu gagnvart almenningi, fagmönnum og söluaðilum raffanga og sérþekking stofnunarinnar nýtist vel.

Mannvirkjastofnun veitir lögreglu sérfræðiaðstoð við rannsóknir bruna og slysa af völdum rafmagns, þ.m.t. raffanga, auk þess að ráðast strax í frekari skoðanir á eigin vegum, s.s. skoðun á markaði og öflun upplýsinga hjá ábyrgðaraðilum. Markaðseftirlitið styrkir þannig forvarnarhlutverk stofnunarinnar þegar kemur að rafmagnsöryggi almennt.



Með vísan til framanritaðs er það álit Mannvirkjastofnunar að nái frumvarpið fram að ganga sé öryggi neytenda og rafmagnsöryggi í landinu betur tryggt, söluaðilum ekki íþyngt að óþörfu, kostnaður hins opinbera lækkaður og sérfræðipækning og reynsla nýttist betur.

Virðingarfyllt
f.h. Mannvirkjastofnunar

Ingiþjörg Halldórsdóttir
Ingiþjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur

